



Ljóst efni á botni lægðar í Noctis Labyrinthus

Á þessari mynd HiRISE sést dæmi um ljóst efni sem finnst víða á botni margra dælda í Noctis. Litrófsgögn frá CRISM mælitækinu, sem einnig er um borð í MRO geimfarinu, benda til að þetta ljósa efni sé vatnað (þ.e. innihaldi vatn). Vatnaða efnið gæti hafa myndast þegar vatn seytleiði upp í dældina eða þegar ís í henni bráðnaði, hugsanlega vegna jarðhita.